

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum norðaustur af Grímsey.

#### 1. gr.

Frá og með 5. júlí 1993 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði norðaustur af Grímsey, sem markast af línu dreginni milli eftirgreindra punkta:

1. 66°52'N – 18°02'V
2. 67°00'N – 18°02'V
3. 67°03'N – 17°50'V
4. 66°52'N – 17°50'V

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 156, 6. apríl 1993, um bann við rækjuveiðum norðaustur af Grímsey.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júlí 1993.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Steinhórsdóttir.*